

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3350

Rekstraraðili Gallon ehf. kt: 6309212280	Tegund starfsemi Olíubirgðastöðvar	Starfsleyfisnúmer: Gildistími starfsleyfis
Starfsstöð Aðalbraut 20-22 Raufarhöfn	Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit	Dagsetning eftirlits 1. september 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0149	Eftirlitsmaður Kristín Kröyer	Útgáfudagur skýrslu 22. september 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
------------	--------

Bórður Guðjónsson

Niðurstaða eftirlits

Engin ný frávik komu fram í eftirliti.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit með vettvangs heimsókn fór fram hjá rekstraraðila þann 1. september 2026.

Farið var í vettvangseftirlit í aflagða olíubirgðastöð Gallon á Raufarhöfn. Starfsleyfið gildi til 31. janúar 2022 og er því fallið úr gildi en engin starfsemi hefur verið í stöðinni frá árinu 2018.

Búið er að rífa stöðina í samræmi við áætlun um meðhöndlun jarðvegs dagsett í júlí 2018. Í síðustu eftirlitsskýrslu frá árinu 2023 kemur fram að jarðvegur sem var undir geymum hafi verið settur í hauga og áburði blandað saman við skv. áætlun, til að flýta fyrir niðurbroti olíuefna í jarðveginum.

Stofnuninni hafa ekki borist upplýsingar um það hvernig niðurbroti á olíu í jarðveginum gangi. Áfram verður fylgst með lóðinni þar til niðurbrotsferli er lokið og rekstraraðili hefur sent inn staðfestingu þess að jarðvegur í stöðinni uppfylli hið hámarksgildi atvinnusvæðis sem sett eru fram í regluger 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.